

Breytingartillögur

við frv. til l. um kjararáð.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „skipaður af Alþingi“ í síðari málslíð 2. mgr. komi: kosinn af Alþingi.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár“ í síðari málslíð 2. mgr. komi: allt að fjórða hvert ár.
3. Við 12. gr. Fyrri málslíður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrri málslíður 2. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal skipun kjararáðsmanna skv. 2. másl. 2. mgr. 2. gr. lokið áður en löggin öðlast gildi að öðru leyti.

Greinargerð.

Í breytingartillögum þessum felst ein efnisbreyting, að löggin öðlist gildi 1. júlí 2006 í stað þess að þau öðlist gildi við birtingu. Þykja það skýrari skil milli nýrri og eldri laga, auk þess sem rýmri tími fæst til að ljúka starfsemi Kjaradóms og kjaranefndar og til þess að undirbúa hina nýju skipan samkvæmt lögunum. Í 4. lið felst jafnframt ákvæði um að Hæstiréttur og fjármálaráðherra skipi kjararáðsmenn þegar löggin hafa verið birt, en Alþingi kýs, venju samkvæmt, í ráðið þegar það hefur afgreitt löggin. Þannig verður ráðið fullskipað 1. júlí 2006 er löggin öðlast gildi og koma til framkvæmda.

Í 1. og 2. lið breytingartillagnanna felast aðeins orðalagsbreytingar.